

27. aðalfundur Knattspyrnufélags Rangæinga, fimmtudaginn 13. mars 2025.

Haldinn í matsalnum í Hvolsskóla

Fundur settur kl. 20:05

14 manns sitja fundinn; stjórn, 4 þjálfarar, yfir þjálfari, fundarstjóri + 11 foreldrar

1. Tinna setur fundinn kl. 20:05. Óskar eftir athugasemdum við fundarboð, engar athugasemdir.
2. Sandra Sif kosin ritari fundarins. Yngvi Karl kosinn fundarstjóri.
3. Yngvi Karl fer yfir dagskrá fundarins.
4. Starfsskýrsla stjórnar kynnt, Tinna les.
5. Klara, gjaldkeri yngri flokka, fer yfir endurskoðaða ársreikninga fyrir árið 2024.
6. Guðmundur, gjaldkeri meistaraflokks, fer yfir endurskoðaða ársreikninga fyrir árið 2024.
7. Umræður um starfsskýrslu og reikninga
 - a. Umræða og spurningar - ársreikningur ræddur.
 - i. Umræða um fatnað KFR - samningur við Errea kynntur, er í gildi til desember 2025.
 - ii. Fyrirspurn um leigu á völlum eftir að nýr völlum verður tekinn í gagn á Hellu. Von er um að sá kostnaðarliður detti út.
 - iii. Styrkir frá sveitarfélögum - koma þeir ekki lengur til meistaraflokks?
 - b. Borið undir fundarmenn - Starfsskýrsla stjórnar og ársreikningar 2024 bornir upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.
 8. Æfingagjöld fyrir árið 2025-2026 kynnt. Tillaga að hækkun æfingagjalda yngri flokka. Hækkun æfingagjalda samþykkt samhljóða.
 9. Kosning stjórnar. Tinna, formaður, gefur kost á sér til áframhaldandi formennsku. Samþykkt samhljóða. Allir stjórnarmeðlimir gefa kost á sér áfram - samþykkt samhljóða. Berglind og Lárus gefa kost á sér áfram til yfirferðar á ársreikningum - samþykkt samhljóða.
 10. Önnur mál.

- Tómas fer yfir aðstöðumál í Rangárþingi eystra. Gert er ráð fyrir hálfum velli undir æfingaaðstöðu, með hitalögnum og lýsingu, í kostnaðaráætlun fyrir árið 2025.
- Ellert kemur fram með þælingu með athvarf fyrir íþróttafélögin. Engin aðstaða er til staðar fyrir þjálfara til að hitta iðkendur sína.
- Yngvi Karl fer stuttlega yfir stöðu mála á gervigrasvellingum á Hellu sem stendur til að vígja á Töðugjöldunum 17. ágúst 2025. Hitalagnir verða lagðar undir völlinn og rafmagn fyrir lýsingu.
- Margrét Harpa beinir því til stjórnar að kanna áhuga hjá foreldrum og samfélaginu til að taka þátt í að endurvekja ungmennafélagsandann og leggja hönd á plóg við gerð aðstöðu hjá okkur.
- Margrét Harpa kallar eftir því að foreldrar séu meira upplýstir um þau mót sem fyrir liggja fyrir hvern flokk hvert ár.
- Ólafur Örn býður félagsmiðstöðina undir allskonar fyrir félögin.
- Viktor minnir á að klefa aðstaða þarf að vera til staðar við vellina sem eru í uppbyggingu.
- Gunnar Aron hvetur fólk til að hafa samband við Yngva Karl, stjórn KFR og sveitarstjórnir Rangárþings ytra og eystra og koma með ábendingar og hugmyndir tengdar uppbyggingu íþróttasvæðanna.

Fundi slitið kl. 21:40